





BÍLGREINASAMBANDIÐ



Sóknaraðili lýsir því að 1. júní 2017 hafi ljósavélin ekki ræst sig og bifreiðin þá ekin 685 km. Óskaði sóknaraðili þá enn og aftur eftir afhendingu nýrrar bifreiðar. Ekki var orðið við því og engin gögn fengist frá varnaraðila um umrædda viðgerð. Sóknaraðili óskaði var ítrekað eftir þeim gögnum án þess að orðið hafi verið við því.

Sóknaraðili fór með bifreiðina í viðgerð 15. janúar 2018 og óskaði eftir að athugað yrði að a) bíllinn næði ekki fullri hleðslu, b) bíllinn hitaði sig ekki yfir nótt, c) bensínlok opnaðist ekki með hnappi inni í bílnum og d) ískurhljóð væru í bremsum. Greiningarvinna var framkvæmd á kostnað varnaraðila.

Bifreiðin fór í þjónustuskoðun 3. desember 2018 sem sóknaraðili greiddi fyrir. Var kílómetrastaða bifreiðarinnar þá 10.182 km.

Sóknaraðili lýsir því að 28 mars 2019 hafi bifreiðin ekki ræst ljósavélina (REX) þegar rafmagnið þraut eins og hún eigi að gera. Varnaraðili kveður bifreiðina hafa komið í tjónaskoðun í mars 2019 vegna óverulegrar aftanákeyrslu. Hafi sóknaraðili kvartað yfir að bifreiðin gangi aðeins á rafmagni en vélin fari ekki í gang. Varnaraðili lýsir því að niðurstaða bilanagreiningar hafi verið að það væri leki á olíuprýstinema, ekki réttar upplýsingar frá olíurofa og þess vegna færi vélin ekki í gang. Lekki hafi fundist með O-hring á rofanum sem skipt hafi verið um „með öðrum sem til var (ekki í umbúðum)“. Einnig var skipt um olíu og olíusíu. Viðgerðin var framkvæmd undir framleiðsluábyrgð og sóknaraðila að kostnaðarlausu. Var kílómetrastaða bifreiðarinnar þá 12.541 km. Sóknaraðili gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki hafi verið „notaður viðeigandi eða nýr O-hringur.“ Notaður hafi verið O-hringur sem annars vegar var ekki nýr og hins vegar ekki hugsaður fyrir þessa tegund bifreiðar. Sóknaraðili telur að faglegra og líklegra til árangurs hefði verið einfaldlega að panta „nýjan varahlut“, þ.e. „nýjan O-hring“ til ísetningar. Ekki síst í ljósi þess að þá þegar í mars 2019 hafi olía verið farin að leka um vélinu samkvæmt vinnuskýrslu 29. mars 2019. Þá sé óljóst hvaða endingu þessi utanaðkomandi O-hringur hafði í vél BMW i3 REX.

Sóknaraðili gerir athugasemdir við að þessi heimsókn hafi ekki komið fram í þjónustusögu bifreiðarinnar þegar óskað var eftir henni vegna málsins. Þá lýsir sóknaraðili því að hún hafi fengið takmörkuð gögn um framangreinda viðgerð og hafi það verið fyrir tilstilli viðgerðarmannsins sem sóknaraðila tókst að fá afrit af viðgerðarskýrslu/athugasemdum.

Þá tekur sóknaraðili fram að í gögnum fengnum frá varnaraðila sé ósamræmi um þessa viðgerð, skjölin samhljóða að mestu nema lýsing ekki samræmd og mörg gögn dagsett á mismunandi tímum um sömu viðgerð.

Bifreiðin var færð til viðgerðar 29. apríl 2019 vegna áreksturs þann 19. febrúar 2019. Ekið var aftan á sóknaraðila, þar sem hún var kyrrstæð á rauðum ljósum og var viðgerðin greidd af tryggingarfélagi sóknaraðila.

Vinstri framhurð bifreiðarinnar var máluð 28. maí 2019 vegna skemmdar sem var tilkomin meðan bifreiðin var á verkstæði gagnaðila. Viðgerðin var framkvæmd á kostnað varnaraðila.

Hleðslubarki festist í bifreiðinni 9. janúar 2020 og var engin leið að losa hann. Tók það 2 klukkustundir að losa barkann. Sóknaraðili fékk aðstoð frá verkstæði varnaraðila en atvikið virðist ekki hafa ratað í skrár varnaraðila.

Bifreiðin fór í tjónaviðgerð 26. mars 2020 á verkstæði varnaraðila. Kílómetrastaða bifreiðarinnar var þá 20.463 km.



BILGREINASAMBANDIÐ



Sóknaraðili fór með bifreiðina í 60 punkta þjónustuskoðun 10. febrúar 2021. Kom þá í ljós mikill olíuleki og var vélin öll löðrandi í olíu. Sóknaraðili áréttar að varnaraðili var eini aðilinn sem hafði haft umsjón með olíuskiptum og hverri annarri þjónustu sem bifreiðin fékk, allt frá upphafi. Kílómetrastaða bifreiðarinnar var þá 24.128 km. Lýsing í verkbeiðni hljóðaði svo:

*„Olíuleka greining: Vél, gírkassi og allt saman löðrandi í olíu. Grunar að þetta sé eftir að einhver hefur verið að reyna fylla á olíu í gegnum olíukvarðan og mistekist illa. Sé nokkra polla af olíu undir olíukvarðanum. Tók myndir af þessu öllu saman. Hreinsaði olíu af vél og ætla skoða betur á eftir. Gat ekki séð neinn augljósan leka. Skoða þarf þetta betur eftir kannski 500-1000 km. Reyna nota vél svoldið vel á því tímabili. Eyddi alveg klukkutíma í að þrifa allt olíu sullið. Lekur eflaust soldið af sápu og vatni af vélinni í viðbót.“*

Sóknaraðili greiddi 87.219 kr. fyrir þjónustuskoðun, greiningu á olíuleka og þrif á olíunni, en ekkert kom út úr umræddri greiningu annað en að vélin væri löðrandi í olíu og var sóknaraðili beðinn um að aka bifreiðinni í 500-1000 km og koma þá aftur í skoðun og greiningu. Erfitt er að greina á fyrirliggjandi reikningi hvað er þjónustuskoðun og hvað er viðbótarkostnaður.

Í maí 2021 kviknaði á bilunarljósi vélar í mælaborði og fór sóknaraðili með bifreiðina til varnaraðila til frekari skoðunar. Lýsing í verkbeiðni hljóðaði svo:

*Sá leka en virtist vera á nokkrum stöðum, aðallega í kringum soggrein eða öndunarhosur fyrir vélina. Tók soggrein af til að sjá betur undir. Sá einungis meira smit sem virtist koma frá vélaröndun. Hreinsaði alla olíuleka frá vélinni, passaði uppá að hún væri alveg þurr allsstaðar. Setti soggrein aftur á með nýjum þéttingum og herti uppí uppgefnar tölur. Gangsetti vélina í nokkrar mínútur til að leita eftir leka. Eftir að því ferli var lokið kom í ljós augljós leki frá svæðinu undir soggrein á milli vélar og rafmagnsmótors. Þurfti að taka soggrein frá aftur til að skoða betur. Tók hitahlífar frá vélaröndun og fann þar lekann. Lekinn kemur úr öndun fyrir vélina. Skipta þarf um öndunina og allar hosur sem fara í hana. Allar hosur eru einnota.*

Í júní 2021 áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli aðila og hafnaði varnaraðili því að viðgerð á þéttihringjum við soggrein félli undir ábyrgð bifreiðarinnar þar sem rúm 2 ár væru frá því að henni lauk. Sóknaraðili óskaði eftir að kannað yrði hvort umrædd bilun gæti hafa átt sér stað við áreksturinn 26. mars 2020 en því var hafnað. Sendar voru ljósmyndir sem teknar voru af tjóninu því til stuðnings. Varnaraðili hafnaði jafnframt endurkaupum vegna galla eða afhendingu á nýrri bifreið.

Við frekari skoðun og greiningu samkvæmt vinnuskýrslu dags. 28. júní 2021 kom í ljós að um augljósan leka frá svæðinu undir soggrein á milli vélar og rafmagnsmótors var að ræða. Nánar tiltekið að leki kæmi frá öndun fyrir vélina og að skipta þurfi um „öndun á vél“. Skipt var um þéttingar á soggrein og það sem að öndun laut og sóknaraðili greiddi 256.474 kr. fyrir viðgerðina.

Bilun í varð í bakkmyndavél 19. júlí 2021. Skipt var um „Head Unit“.

Sóknaraðili bendir á að mjög erfitt hafi verið að afla gagna vegna málsins hjá varnaraðila og enn hafi ekki öll gögn sem óskað hafi verið eftir verið afhent.

Sóknaraðili byggir á því að bifreiðin sé haldin galla í skilningi a- og b- liðar 2. mgr. 15. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá vísar sóknaraðili jafnframt til 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003. Vísar hún til þess að bilanatíðni bifreiðarinnar hafi frá upphafi verið langt umfram það sem vænta megir af nýrri bifreið, einkum af þessari gerð. Sóknaraðili hefur frá upphafi óskað eftir afhendingu nýrrar bifreiðar en því verið hafnað.



BÍLGREINASAMBANDIÐ

Varnaraðili hafnar kröfum sóknaraðila.



#### IV.

#### Niðurstaða

Úrskurðarnefnd bílgreina starfar á grundvelli samkomulags milli Bílgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda og hefur nefndin hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt 8. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Um réttarsamband aðila fer eftir lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort bifreið af gerðinni BMW i3, sem sóknaraðili keypti nýja af varnaraðila 5. apríl 2017, sé haldin galla í skilningi 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003.

Ákvæði 15. og 16. gr. eru svohljóðandi:

**15. gr. Eiginleikar söluhlutar.**

- Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.
- Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:
  - a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
  - b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
  - c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
  - d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
  - e. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann;
  - f. vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð, ef neytandinn ætlar ekki að nota hlutinn á þann hátt að kröfurnar séu þýðingarlausar;
  - g. vera laus við réttindi þriðja manns, t.d. eignarrétt eða veðrétt. Söluhluturinn skal einnig vera laus við kröfur þriðja manns um réttindi í hlutnum, enda þótt þeim sé mótmælt, nema kröfurnar séu augljóslega órökstuddar.

**16. gr. Gallar.**

- Söluhlutur telst vera gallaður ef:
  - a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;
  - b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
  - c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;



BILGREINASAMBANDIÐ



d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.

- Regla c-liðar 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.
- Neytandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.
- Neytandi getur ekki borið fyrir sig galla ef orsök gallans má rekja til efniviðar sem neytandinn hefur sjálfur lagt til. Þetta gildir þó ekki ef seljandinn hefði átt að ráða neytanda frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess.

Þá hljóðar ákvæði 2. mgr. 27. gr. svo:

- Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Það er mat úrskurðarnefndarinnar að bifreiðin hafi á kaupdegi ekki verið haldin slíkum göllum að réttlætt geti riftun eða afhendingu nýs söluhlutar. Skipt var um rafgeymi þar sem hann stóðst ekki mælingar. Vinstri framhurð bifreiðarinnar var máluð á kostnað varnaraðila.

Greiningarvinna í janúar 2018 var framkvæmd á kostnað varnaraðila. Viðgerð vegna olíuleka í mars 2019 var framkvæmd undir framleiðsluábyrgð og sóknaraðila að kostnaðarlausu. Vinstri framhurð var lagfærð í maí 2019 á kostnað varnaraðila. Það er mat úrskurðarnefndarinnar að með þessum aðgerðum hafi varnaraðili boðið fram fullnægjandi úrbætur samkvæmt 3. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003 og því ekki unnt að krefjast afsláttar eða riftunar vegna umræddra atriða.

Í febrúar 2021 kom í ljós olíuleki í þjónustueftirliti og var bifreiðin þá keyrð 24.128 km. Í maí 2012 kom sóknaraðili aftur með bifreiðina á verkstæði varnaraðila til að láta athuga hvort enn væri olíuleki og kom þá í ljós að svo var. Niðurstaðan var sú að skipta þurfti um öndun vélarinnar og allar hosur sem fara í hana. Í júní 2021 var viðgerð framkvæmd vegna olíulekans á verkstæði varnaraðilans og greiddi sóknaraðili fyrir þá vinnu.

Umræddur olíuleki kom fyrst upp innan við fjórum árum eftir kaup bifreiðarinnar. Þá voru innan við tvö ár liðin frá viðgerð á verkstæði varnaraðila þar sem skipt var um O-hring vegna leka og skipt um olíu og olíusíu.

Úrskurðarnefndin telur að sú bilun sem um ræðir feli í sér galla í skilningi neytendakaupalaga nr. 48/2003, sbr. 15. og 16. gr. laganna og að ætla megi þeim íhlutum bifreiðarinnar, sem umræddur olíuleki lýtur að, verulega lengri endingartíma en almennt gerist, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003. Úrskurðarnefndin lítur í því sambandi sérstaklega til eðlis þess hlutar sem um ræðir, að ekki er um að tefla eiginlegan slithlut og að um lítið ekna bifreið var að ræða sem einungis var í eigu eins aðila og innan við fjögurra ára gömul. Þá verður ekki séð að viðhaldi hafi verið áfátt, en varnaraðili þjónustaði bifreiðina ávallt þar til bilun kom fram.



BÍLGREINASAMBANDIÐ



Nefndin telur skilyrði riftunar ekki fyrir hendi vegna gallans, en telur skilyrðum bótaskyldu fullnægt þannig að rétt sé að varnaraðili beri kostnað af bilanagreiningu í febrúar 2021 og viðgerð vegna olíuleka í júní 2021.

**V.**

### **Úrskurðarorð**

Aðal- og varakröfu sóknaraðila er hafnað. Fallist er á kröfu sóknaraðila um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna bilanagreiningar í febrúar 2021 og viðgerðar í júní 2021.

Linda Ramdani

Skúli K. Skúlason

Jóhann Fannar Guðjónsson